

43. fundur stjórnar Kötlu jarðvangs haldinn á Hvolsvelli þriðjudaginn 9.10. 2018 kl. 15

Mætt: Anton Kári Halldórsson, Eva Björk Harðardóttir, Þorbjörg Gísladóttir og Sigurður Sigursveinsson sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn starfandi framkvæmdastjóri jarðvangsins Berglind Sigmundsdóttir.

Anton Kári, formaður stjórnar, setti fund en síðan var gengið til dagskrár:

1. Fundargerð 42. fundar stjórnar Kötlu jarðvangs

Fundargerðin staðfest með undirritun.

2. Starfslokasamningur við fráfarandi framkvæmdastjóra

Málið er í ferli og formanni falið að útvega undirritaða yfirlýsingu um starfslok.

3. Leigusamningur um Þorvaldseyri

Samningurinn var undirritaður 1. október sl. og samþykkir stjórnin hann fyrir sitt leyti. Starfandi framkvæmdastjóri er með rekstraráætlun í vinnslu.

4. Erindi LAVA dags. 18. september 2018

Ritara falið að gera drög að svari sem verður unnið áfram með í tölvupósti.

5. Auglýsing/ráðning vegna stöðu framkvæmdastjóra / rekstrarstjóra

Ákvörðun frestað.

6. Ársreikningur 2017

Reikningurinn samþykktur með áritun stjórnar og framkvæmdastjóra.

7. Breytingar á samþykktum

Fyrirliggjandi breytingar samþykktar öðru sinni og verða þær nú tilkynntar Fyrirtækjaskrá.

8. Önnur mál

- Formanni er falið að tilkynna umhverfis- og auðlindaráðuneytinu að Berglind Sigmundsdóttir hafi tekið við formennsku í samsráðshóp vegna samnings jarðvangsins við ráðuneytið.
- Samþykkt að framkvæmdastjóri sækir samráðsfund norrænna jarðvanga í febrúar nk.
- Stjórnarmönnum falið að huga að skipan varamanna í stjórn.

Fleira ekki og fundi slitið kl. 16:45

Anton Kári Halldórsson
Eva Björk Harðardóttir
Þorbjörg Gísladóttir
Sigmundur Sveinsson